

Ed.

256. Lög

um hafnsögu í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 29. maí).

1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir bruttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skifti á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan takmarka Reykjavíkurhafnar. Komi skip oftár á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemtiskip og fiskiskip, sem skrásett eru hjer á landi, eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

2. gr.

Hafnarnefnd Reykjavíkur hefir á hendi yfirstjórn hafnsögumála í Reykjavík.

Hafnarnefnd skipar hafnsögumenn, svo marga sem þurfa þykir, og ákveður laun þeirra. Launin greiðast úr hafnarsjóði Reykjavíkur.

3. gr.

Hafnsögugjald greiðist samkvæmt reglugerð, er hafnarnefnd Reykjavíkur semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í þeirri reglugerð jafnframt ákveða, hvert gjald skuli greiða fyrir leiðsögu út úr höfninni og um höfnina, þar á meðal inn í innri höfnina og út úr henni.

Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð Reykjavíkur, og má taka þau lögtaki.

4. gr.

Um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnsögugjalda skal nánara ákveðið í reglugerð, er hafnarnefnd Reykjavíkur semur og stjórnarráð Íslands staðfestir.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 kr. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þá jafnframt numin úr gildi öll önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þau.